

Kennsluráðgjafar og sálfræðingur



Sjö sveitarfélög í Árnesþingi: Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Ölfus hafa samþykkt að stofna sameiginlega skóla- og velferðarþjónustu 1. janúar 2014. Skólaþjónustu- og velferðarnefnd sveitarfélaganna markar þjónustunni stefnu í samvinnu við þá sem málið varðar. Lögð er áhersla á heildarsýn í málefnum einstaklinga og fjölskyldna. Skóla- og velferðarþjónustan skiptist í kennsluráðgjöf, sálfræðiþjónustu, félagslega ráðgjöf, barnaverndarmál, málefni eldri borgara og málefni fatlaðs fólks. Á svæðinu eru sjö leikskólar og sjö grunnskólar. Nemendafjöldi er alls um 1.380.

Stöður tveggja kennsluráðgjafa fyrir leik- og grunnskóla og eins sálfræðings eru lausar til umsóknar við Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings. Þessir starfsmenn mynda skólateymi þjónustunnar. Næsti yfirmaður teymisstjóra er forstöðumaður skóla- og velferðarþjónustunnar.

Starfssvið kennsluráðgjafa

- Stuðningur við nýbreytni- og þróunarstarf skóla, m. a. með ráðgjöf við stjórnendur og starfsmenn leik- og grunnskóla til að efla þá í starfi og stuðla að samstarfi þeirra.
- Forvarnarstarf og ráðgjöf um snemmtæka íhlutun með áherslu á sjálfbærni skólanna við lausn mála sem upp koma.
- Eftirfylgd markmiða skólaþjónustunnar og skólanna og mat á árangri.
- Fræðsla og/eða handleiðsla vegna mála einstaklinga eða hópa.
- Skipulagning á sameiginlegri símenntun starfsfólks leik- og grunnskóla og stuðningur við starfsþróun.

Kennsluráðgjafi hefur frumkvæði að verkefnum í anda markmiða þjónustunnar og vinnur í þverfaglegu samstarfi við starfsmenn skólanna, sálfræðinga, félagsráðgjafa, starfsfólk heilbrigðisþjónustu, aðra sérfræðinga, foreldra o.fl. til að stuðla að skilvirkni þjónustunnar.

Menntunar- og hæfniskröfur kennsluráðgjafa

- Kennaramenntun og réttindi til að kenna í leikskóla eða grunnskóla
- Framhaldsnám sem nýtist í starfi er æskilegt
- Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfileikar
- Frumkvæði
- Hæfni í þverfaglegu samstarfi
- Lipurð og færni í samskiptum

Starfssvið sálfræðings

- Ráðgjöf við skólastjórnendur og starfsfólk leik- og grunnskóla um snemmtæka íhlutun.
- Forvarnarstarf með áherslu á sjálfbærni skólanna við lausn mála sem upp koma.
- Skimanir, greiningar og ráðgjöf fyrir börn á leik- og grunnskólaaldri, foreldra og starfsfólk skóla.
- Sálfræðiþjónusta við fjölskyldur sem njóta stuðnings skóla- og velferðarþjónustu.
- Fræðsla og/eða handleiðsla vegna mála einstaklinga eða hópa.

Sálfræðingur vinnur í þverfaglegu samstarfi við kennsluráðgjafa, félagsráðgjafa, starfsmenn skóla, starfsfólk heilbrigðisþjónustu, aðra sérfræðinga, foreldra o.fl. til að stuðla að skilvirkni þjónustunnar.

Menntunar- og hæfniskröfur sálfræðing

- Sálfræðimenntun og réttindi til að starfa sem sálfræðingur
- Sjálfstæði í vinnubrögðum
- Skipulagshæfileikar
- Frumkvæði
- Hæfni í þverfaglegu samstarfi
- Lipurð og færni í samskiptum

Umsóknarfrestur er til og með 25. nóvember nk.

Umsækjendur sendi umsóknir sínar til Hveragerðisbæjar, Sunnumörk 2, 810 Hveragerði, eða á netfang: umsokn@hveragerdi.is. Þeim fylgi greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun. Jafnframt fylgi greinargerð um hugmyndir umsækjanda um starfsemi skólaþjónustu Árnesþings. Í samræmi við jafnréttisstefnu sveitarfélaganna eru bæði karlar og konur hvött til að sækja um störfín.

Nánari upplýsingar veita:

Aldís Hafsteinsdóttir í síma 483 4000

Gunnar Þorgeirsson í síma 892 7309

Sigríður Lára Ásbergsdóttir í síma 822 8998.